

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Stjórnun – MST 104 – fjarnám</b> <b>Námsáætlun – Vorönn 2018</b>
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Sunna Hlín Jóhannesdóttir sunna@vma.is	<b>Sk.st.</b>	SUN
----------------	--	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans miða að því að undirbúa nemandann fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi. Farið er í grunnhugtök og kenningar í stjórnun. s.s. skipurit, valddreifing, markmiðasetning og hvatning. Nemandanum eru kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið, hann fær innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, einkum á sviði mannauðsstjórnunar. Sérstök áhersla er lögð á persónuþróun. Nemandinn lærir að meta og þekkja kosti sína og galla, tileinka sér verkefna- og tímastjórnun og setja sér markmið.

### Markmið:

Að nemendur fái innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja einkum á sviði starfsmannastjórnunar og verkstjórnar, fái skilning á sjálfum sér sem stjórnanda og búi sig markvisst undir að geta leyst af hendi stjórnunarstörf í iðnfyrirtæki á fagsviði sínu.

**Námsgögn:** Vikulegt lesefni á Moodle

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Lesefni	Dagar	Síðasti skiladagur
4	Mannleg samskipti	17.1 - 28.1.	28.1.
5	Hvatning	29.1. - 4.1.	4.1.
6	Tímastjórnun	5.2. - 11.2.	11.2.
7	Hópvinna - leiðtogi versus stjórnandi	12.2. - 18.2.	18.2.
8	Starfsmannahald og starfsmannastjórnun	19.2. - 25.2.	25. 2.
9-10	Framsál valds - stjórnandagagnrýni	26.2. - 11.3.	11.3.
11	Persónuþróun- markmið	12.3. - 18.3.	18.3.
12	Greining vandamála og Svót greining	19.3.- 25.3.	25. 3.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Stjórnun – MST 104 – fjarnám</b> <b>Námsáætlun – Vorönn 2018</b>
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

13-14	Stjórnun breytinga	26.3. - 8.4.	8.4.
15-16	verkefnastjórnun	9.4. - 22.4.	29.4.
17	Markaðsmál	23.4.-29.4.	29.4.

**Verkefni:** Vikuleg verkefnaskil á Moodle

### **Námsmat og vægi námsþátta:**

Metin eru vikuleg verkefnaskil nemenda og svör þeirra við spurningum úr lesefninu. Einkunn fyrir spurningar er gefin í tölustöfum (0-10) en fyrir verkefnaskil er einkunn gefin í bókstöfum. Algengast er að gefin sé einkunnin A sem þýðir að nemandinn hefur lesið efnið og skrifað um það eftir fyrirætlum kennara. Þetta samsvarar einkunn kringum 8. Einkunnirnar A+ eru gefnar hafi nemandinn greinilega lesið viðbótar efni, vitnað í það eða skrifað framúrskarandi hugleiðingu um efni vikunnar. Bókastafirnar B, C og D eru fyrir lakari skrif og E þýðir að nemandinn hafi ekki svarað í vikunni.

### **Verkefnaskil:**

Ef skilað er eftir að síðasti skiladagur er liðinn þá er aldrei gefin hærrí einkunn en B og nemandi fær ekki umsögn með einkunn. Þar sem ekkert lokapróf er í áfanganum þá byggist einkunnin á reglulegum verkefnaskilum.

### **Málfar og stafsetning:**

Í vikulegum verkefnum nemenda er gerð krafa um gott málfar og stafsetningu. Nemendur eru beðnir að vanda bæði stafsetningu og málfar, lesa verkefnið sitt vandlega yfir áður en það er sett á vefinn og leiðrétt allar villur. Þetta atriði er liður í því að búa verðandi stjórnendur undir það að standa frammi fyrir hópi manna og flytja mál sitt á þann hátt að mark verði tekið á því.

### **Vikulegar spurningar:**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Stjórnun – MST 104 – fjarnám</b> <b>Námsáætlun – Vorönn 2018</b>
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Í hverri viku eru spurningar (próf) í Moodle sem nemendur eiga að svara. Þessar spurningar eru úr námsefni vikunnar. Þessar spurningar er opnar í viku eins og skilabox fyrir verkefnaskil. Það er ekki gerð krafa um það að nemendur svari tilteknum fjölda spurninga (prófa) á önninni og spurningarnar eru aldrei opnaðar aftur eftir að þeim hefur verið lokað.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþáttar</b>		<b>Vægi</b>
Próf	10 krossapróf á Moodle upp úr lesefni vikunnar.		20%, 2% hvert próf
Verkefni	Það eru verkefnaskil í hverri viku nema tvisvar sinnum fá nemendur tvær vikur til að vinna verkefni sem vega þá tvöfalt meira en hin. Samtals 11 verkefni.		75 %, það gera 5.8% fyrir hvert verkefni og 11.5% fyrir stærri verkefni tvö.
Virkni	Nemandi skráir sig inn í Moodle og kynnir sig í fyrstu námsviku, skilar öllum verkefnum á réttum tíma og setur mynd af sér á kennsluvefinn (Moodle).		5%
	<b>Nemendur verða að skila að minnsta kosti 9 verkefnum af 11 til að teljast hafa lokið áfanganum og báðum verkefnum sem gilda tvöfalt.</b>		
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Dagsetning:

Sunnu H. Jónsson  
Undirritun kennara

17.1.18

Katín Flannaradóttir 17/1/18  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils